

Ed. 364. Frumvarp til laga [185. mál]

um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Steinþór Gestsson.

1. gr.

Hreppsnefndinni í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu er heimilt að selja Ingu Þórarinsdóttur, húsfreyju að Þykkvabæ I, jörðina Þykkvabæ I í Landbroti fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið eftir mati dómkvaddra manna. Jörðin skal vera séreign Ingu Þórarinsdóttur skv. kaupmála, er gerður verður að lögboðnum hætti.

Kaupandi jarðarinnar, Inga Þórarinsdóttir, skal gera jörðina Þykkvabæ I að ættaróðali samkvæmt ákvæðum I. kafla laga um ættaróðal og óðalsrétt.

2. gr.

Hreppsnefndin skal sjá svo um, að söluverði jarðarinnar verði varið í sem nánustu samræmi við tilgang gjafabréfs hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta er flutt að ósk hreppsnefndarinnar í Kirkjubæjarhreppi.

Með gjafabréfi hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur, dagsettu 15. desember 1913, afhentu þau Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu hálfa jörðina Þykkvabæ í Landbroti til eignar með allmörgum skilmálum, sem í gjafabréfinu eru fram teknir.

Í VIII. grein gjafabréfsins segir m. a. svo: „Reglum þeim, sem settar eru að framan um gjöf þessa, getur enginn breytt nema löggjafarþing Íslendinga, og þó því aðeins, að eigi verði hjá því komizt sakir breyttrar tíðar og óviðráðanlegra atvika . . .“ Svo sem sjá má af skipulagsskrá þeirri, er gjafabréfið inniheldur, eru ýmis ákvæði þar þannig, að ekki er lengur grundvöllur fyrir því, að jörðin haldist í ábúð, sökum þeirra breytinga, er orðið hafa vegna óviðráðanlegra atvika, síðan skipulagsskráin var sett.

Núverandi ábúandi jarðarinnar, Inga Þórarinsdóttir, sem er sonardóttir gefendanna, telur sig ekki geta lengur búið á jörðinni, nema hún fái hana keypta. Ekki er vitað um aðra, sem mundu vilja taka hana til ábúðar við þau skilyrði, sem fyrir hendi eru.

Nauðsynlegt er að endurbyggja hús jarðarinnar, en til þess að slíkt geti átt sér stað, verður að vera hægt að veðsetja hana fyrir lánum til þeirra framkvæmda. Ábúandinn, sem þar hefur verið í undangengin 17 ár, hefur óskað eftir því við hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps að fá jörðina keypta, og hefur hreppsnefndin samþykkt einróma að verða við þeirri ósk, að tilskildu samþykki Alþingis.

Samþykkt hreppsnefndarinnar út af beiðni ábúandans um að fá jörðina keypta er birt hér sem fylgiskjal. Einnig eru prentuð hér með sem fylgiskjöl gjafabréfið sjálf og bréf þess gefandans, sem lengur lifði, Höllu Einarsdóttur, dags. 8. júlí 1946, þar sem hún fór þess á leit með samþykki allra niðja sinna og nánustu frænda, að hreppurinn annaðhvort gæfi eftir rétt sinn samkvæmt gjafabréfinu eða semdi um breytingar á því. Voru þá komnir í ljós annmarkar þeir, sem gerðu ábúð á jörðinni næstum óframkvæmanlega vegna breyttrar tíðar og óviðráðanlegra atvika.

Fylgiskjal I.

Þar sem frumvarp til laga um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti var ekki afgreitt frá síðasta þingi, þá vill hreppsnefndin eindregið mæla með því, að Alþingi það, sem nú situr, samþykki lög um slíka heimild. Verði salan bundin því, að núverandi ábúandi jarðarinnar, Inga Þórarinsdóttir, kaupi jörðina og söluverðinu varið í sem nánustu samræmi við tilgang gjafabréfs hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur. En að öðru leyti fari salan fram eftir því, sem um semst milli kaupanda og seljanda.

Seglbúðum, 6. marz 1969.

Jón Helgason.

Páll Pálsson.

Sigfús H. Vigfússon.

Siggeir Björnsson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

GJAFABRJEF

hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur fyrir ½ jörðinni Þykkvabæ í Landbroti o. fl. til handa Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

Við undirrituð hjón, ég Helgi Þórarinsson og ég Halla Einarsdóttir, gefum hér með frá fardögum 1914 Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu eignarjörð okkar ½ Þykkvabæ í Landbroti, 12,25 hndr. að dýrleika eftir jarðabókinni 1861, með öllu því,

er jörð þessari fylgir og fylgja ber, öll hús og mannvirki, sem á jörðinni eru, og allt, er henni fylgir, múr- og naglfast, enn fremur upprekstrarland fyrir 100 — eitt hundrað — sauðfjár um sumartímann í Skálalandi og hina svonefndu Kirkju- og Brúarfjöru, með þeim skilmálum, er hér segir:

I. Jörðin skal vera ævarandi eign hreppsins, og má því eigi selja hana, gefa eða veðsetja, hvorki eignina í heild né heldur neinn hluta hennar, sbr. þó IV.

II. Jörðin með öllu því, sem áður er talið, skal jafnan byggð einum ábúanda ævilangt, og heldur ekkja ábúðarrétti manns sins á meðan hún giftist eigi aftur. Ef breyttir búnaðarhættir valda því, er fram líða stundir, að æskilegt þyki eða jafnvel nauðsynlegt, að jörðinni verði skipt sundur í 2 býli, skal það heimilt með því skilyrði, að hvort býli um sig standi eigi að notagildi að baki hinum beztu býlum eða bújörðum í sveitinni.

III. Gefendur áskilja sér rétt til að búa á jörðinni ævilangt og jafnframt til þess að mega verja ár hvert öllu afgangi jarðarinnar, eins og það verður ákveðið af hreppsnefndinni með hliðsjón af venjulegum leigumála á jörðum innsveitis, til jarðabóta eða húsabóta á jörðinni sjálfri, og skulu, ef á greinir, úttektarmenn meta, hvort unnið er ár hvert að endurbótum á jörðinni fyrir jafnmikið fé og eftirgjaldinu nemur. Árlegt afgangur af jörðinni, eins og það verður ákveðið, af hreppsnefndinni samkvæmt því, er að framan segir, skal standa óbreytt alla tíð.

IV. Gefendur, sem ætla sér að sækja um leyfi til að gera sér og sínum grafreit á jörðinni, áskilja sér rétt til að kjósa sér blett í landi jarðarinnar, að stærð allt að 1000 ferstíkur, til afnota í þessu skyni, og skal jarðeiganda skylt að fullnægja þeim skilyrðum, sem sett kunna að verða í leyfisbréfinu fyrir grafreitnum um viðhald hans, og má, ef þess verður krafizt, veðsetja jörðina því til tryggingar.

V. Í hvert skipti, sem jörðin verður laus úr ábúð, eiga ættingjar síðasta ábúanda forgangsrétt að því að fá jörðina byggða fyrir öllum vandalausum, ef þeir óska þess og eru að áliti hreppsnefndar færir til þess. Skulu börn hans ganga fyrir, ef þeirra er kostur, en síðan aðrir ættingjar, fyrst þeir, er nánastir eru að frændsemi, og þá hinir næstu að frændsemi o. s. frv. Að öðru jöfnu skal karl ganga fyrir konu. Ef fleiri en einn jafnskyldir sækja um ábúðina, skal sá hljóta, sem líklegastur er til að sitja vel jörðina, enda skal þess vandlega gætt, að byggja hana þeim einum, sem vænta má að verði nýtur ábúandi, og sé á engum hæfum vól í allri ættinni, skal byggja jörðina vandalausum manni, og öðlast ættingjar hans síðan forgangsréttinn til ábúðarinnar o. s. frv.

VI. Þegar gefendur falla frá eða sleppa jörðinni úr ábúð sinni, skal $\frac{1}{4}$ hluti hins árlega afgangar jarðarinnar upp frá því renna í sveitarsjóð Kirkjubæjarhrepps, en $\frac{3}{4}$ hlutum af hinu árlega afgangi jarðarinnar skal varið til að stofna sjóð, er nefnist Ræktunarsjóður $\frac{1}{2}$ Þykkvabæjar í Landbroti. Sjóðnum setjum við eftirfarandi skipulagsskrá:

SKIPULAGSSKRÁ

Ræktunarsjóðs $\frac{1}{2}$ Þykkvabæjar í Landbroti.

1. gr.

Þegar við Helgi Þórarinsson og Halla Einarsdóttir sleppum ábúð á $\frac{1}{2}$ Þykkvabæ, skulu $\frac{3}{4}$ hlutar hins árlega afgangar jarðarinnar settir á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands ár hvert, unz sjóðurinn með vöxtum og vaxtavöxtum er orðinn 50 þúsund krónur. Vextir og vaxtavextir leggjast við höfuðstólinn, unz ársvextir nema 50 kr. Eftir það leggst $\frac{1}{5}$ hluti ársvaxtanna við höfuðstólinn, en $\frac{4}{5}$ koma til útborgunar. En er ársvextir nema 1000 kr., koma til útborgunar árlega $\frac{1}{10}$ hlutar þeirra, en $\frac{9}{10}$ leggst við höfuðstólinn upp frá því.

2. gr.

Vöxtum sjóðsins, sem eigi leggjast við höfuðstólinn samkvæmt 1. gr., skal varið til þess að bæta og prýða jörðina $\frac{1}{2}$ Þykkvabæ, sbr. þó niðurlag 3. gr. og 5. gr.

3. gr.

Þegar sá tími kemur, að vextir koma til útborgunar, skal greiða ábúanda jarðarinnar þann hluta þeirra, sem útborga má árlega, gegn vottorði úttektarmanna hreppsins, eða þess manns, sem mælir jarðabætur í hreppnum, um að hann hafi næsta ár á undan varið að minnsta kosti jafnmiklu fé jörðinni til umbóta og þrýði, svo sem til þess að auka hið ræktaða land hennar, til húsabóta á henni, til skógræktar, til blómaræktar, til nauðsynlegs viðhalds á eldri mannvirkjum jarðarinnar o. s. frv. Verði hið áskilda verk eigi unnið eitthvert ár, skal fresta vaxtagreiðslunni fyrir það ár til næsta árs. Hafi ábúandi þá unnið áskilið verk tveggja ára, skal greiða honum vexti þá, sem frestað var að borga; ella leggjast þeir við höfuðstólinn.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir það miklir, að það, sem útborga má, nemur fullum 1000 kr., skal upp frá því eigi verja meiru en 1000 kr. árlega til umbóta og þrýði jörðinni, á þann hátt, sem fyrr greinir, sbr. 5. gr. hér á eftir.

4. gr.

Ef til þess kemur, að jörðinni verði skipt sundur í 2 býli, eiga ákvæði 3. gr. við báða ábúendurna á þann hátt, að hreppsnefndin skiptir vöxtunum milli þeirra í réttu hlutfalli við framkvæmdir hvors um sig.

5. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins, er til útborgunar koma, verða orðnir meiri en 1000 kr., skal verja því, sem umfram verður 1000 kr. árlega, til verðlauna handa bændum í Kirkjubæjarhreppi fyrir jarðabætur, húsabætur eða aðrar nytsamar búnaðarframkvæmdir á ábúðarjörðum þeirra. Á sama hátt skal verja $\frac{3}{4}$ hins árlega afgjalds jarðarinnar $\frac{1}{2}$ Þykkvabæjar eftir að hætt er að setja það á vöxtu í Söfnunarsjóðinn samkvæmt ákvæðum 1. gr. Ábúandi (eða ábúendur) $\frac{1}{2}$ Þykkvabæjar skal eiga jafnan rétt öðrum bændum sveitarinnar til verðlauna samkvæmt þessari grein fyrir endurbætur þær, er hann gerir á jörð sinni umfram þær, er hann fær endurgoldnar samkvæmt ákvæðum 3. gr. hér á undan.

6. gr.

Sjóðnum stjórnar hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps og skal hún senda sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu árlega reikning sjóðsins til úrskurðar, en sýslunefndin annast um, að reikningurinn verði birtur í Stjórnartíðindunum.

VII. Ef ágreiningur rís milli hreppsnefndar og ábúanda $\frac{1}{2}$ Þykkvabæjar eða annarra, sem hluta eiga að máli, um réttan skilning á ákvæðum skipulagsskrárinnar, eða skilyrði þau, sem sett eru í gjafabréfi þessu, skal málið lagt undir úrskurð sýslunefndar, en úrskurði sýslunefndarinnar má síðan skjóta til stjórnarráðsins.

VIII. Reglum þeim, sem settar eru að framan um gjöf þessa, getur enginn breytt nema löggjafarþing Íslendinga, og þó því aðeins, að eigi verði hjá því komið sakir breyttrar tíðar eða óviðráðanlegra atvika, en gæta skal þess þá vandlega, að breytingin samrýmist, svo sem auðið er, tilgangi okkar með gjöfinni.

IX. Á framanrituðu gjafabréfi og skipulagsskrá skal leita staðfestingar konungs.

Til staðfestu rita gefendur nöfn sín undir skjali þetta í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Þykkvabæ, 15. desember 1913.

Helgi Þórarinsson.

Halla Einarsdóttir.

Vitundarvottar:

Lárus Helgason.

Eliás Bjarnason.

Að athuguðu framanrituðu gjafabréfi, lýsir undirrituð hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps yfir því, að hún fyrir hönd hreppsins þiggur gjöfina með þeim skilmálum, sem skráðir eru í bréfinu.

Kirkjubæjarhreppi, 4. janúar 1914.

Lárus Helgason. Björn Runólfsson. Vigfús Jónsson.
Eiríkur Þorgeirsson. Auðunn Þórarinnsson.

Fylgiskjal III.

Eins og hinni heiðruðu hreppsnefnd er kunnugt, gáfum við hjónin Helgi Þórarinnsson og undirrituð Kirkjubæjarhreppi ½ jörðina Þykkvabæ í Landbroti með gjafabréfi, dags. 15. des. 1913. Tók hreppurinn við gjöfinni, sbr. yfirlýsingu dags. 4. jan 1914. Gjafabréfið, hlaut síðan konungsstaðfestingu 14. ágúst 1914 og er birt í B-deild Stjórnartíðindanna 28. okt. 1914, sbr. bls. 137.

Við hjónin bjuggum síðan á jörðinni, til þess er maðurinn minn dó 28/11 1915, en eftir það hef ég haft ábúðina þannig, að Þórarinn sonur minn hefur búið á jörðinni, með samþykki mínu og annarra hlutaðeigenda.

Nú er svo komið með heilsu hans, að hann getur ekki búið á jörðinni og ekkert barna minna né niðjar þeirra, en samkvæmt gjafabréfinu var það fyrst og fremst tilætlunin, að niðjar okkar hjóna hefðu ábúð á jörðinni.

Gjafabréfið ber og með sér, að það var miðað við allt aðrar ástæður en nú eru, og m. a. þannig frá því gengið, að hreppurinn getur aldrei haft neinn hag af jörðinni, þar sem skylt er að verja öllu afgangi henni til endurbóta, enda skal afgangið ákveðið í eitt skipti fyrir öll, og er því mjög lágt.

Nú hefur Þórarinn sonur minn, sem á jörðinni hefur búið, lagt mjög mikið í kostnað við endurbætur, m. a. á húsum, enda hefur og breytt landbúnaðarlöggjöf leitt til þess, að hýsingarskylda jarðeigenda er nú orðin þungur baggi á jarðeigendum, og því víst, að afgangur hrekkur ekki til þess að fullnægja henni.

Má því gera ráð fyrir, að Þórarinn eigi mjög verulegar kröfur í þessu sambandi. Samkvæmt því, sem hér hefur verið tekið fram og nánar væri hægt að rökstyðja, horfir þá málið þannig við, að vegna breyttra ástæðna næst ekki sá almenni tilgangur, sem ætlað var til með gjöfinni, að þeim hlunnindum, sem okkur hjónum og niðjum okkar var ætlað að njóta, erum við af illri nauðsyn svipt, að hreppnum verður ekki gagn né hagur af gjöfinni, heldur þvert á móti einungis baggi og óþægindi, og loks eru réttmætar kröfur Þórarins, sem erfitt mun að fullnægja.

Að þannig vöxnu máli leyfi ég mér að fara þess á leit, að hreppurinn gefi eftir rétt sinn samkvæmt gjafabréfinu, eða semji um breytingar á því, þannig að þetta mál geti orðið leyst á viðunandi hátt.

Mundi sennilega hægt að fara þá leið, sem VII. gr. gjafabréfsins bendir til, en ef það tækist ekki, þá mundi VIII. gr. væntanlega koma til.

Þess skal getið, að ég hef samþykki allra niðja minna og nánustu frænda til þess, að framangreindar óskir mínar verði teknar til greina.

Reykjavík, 8. júlí 1946.

Virðingarfyllst,
Halla Einarsdóttir.

Til hreppsnefndar Kirkjubæjarhrepps.